158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 438 — 344. mál.

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um fæðingar á Íslandi.

Frá Nönnu Margréti Gunnlaugsdóttur.

1. Hversu mörg börn fæddust árlega á Íslandi á árunum 2010–2025? Svar óskast sundurliðað eftir fæðingarlandi móður. Ef fæðingarland móður liggur ekki fyrir óskast svar sundurliðað eftir ríkisfangi.
2. Í hversu mörgum tilvikum á sama tímabili:
   a. voru báðir foreldrar fæddir á Íslandi,
   b. voru báðir foreldrar fæddir erlendis,
   c. var móðir fædd á Íslandi en faðir fæddur erlendis,
   d. var móðir fædd á Íslandi en faðerni ekki skráð,
   e. var móðir fædd erlendis en faðir fæddur á Íslandi,
   f. var móðir fædd erlendis og faðerni ekki skráð?

Skriflegt svar óskast.